



890/2017

## Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 460/2015, um baðstaði í náttúrunni.

### Stofnreglugerð:

- 460/2015 **Reglugerð um baðstaði í náttúrunni.** (</reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/19620>)
- **Reglugerð á PDF formi** (<https://www.stjornartidindi.is/DocumentActions.aspx?ActionType=Open&documentID=a825ace2-3cb0-4d2a-8f2a-5bf8e34c85b8>)

1. gr.

Eftifarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við bætist eftifarandi skilgreining í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:

*Afpreyningarlaug:* Laug sem er frá grunni hlaðin og/eða steypt úr föstu efni, þ.e. botn og hliðar, og kalt vatn, affallsvatn frá hitaveitu eða jarðhitavatn er leitt í laugina úr nálægum hver eða afrennsli frá virkjun þó að undangenginni kælingu. Heilnæmi vatnsins er stjórnað með tíðri endurnýjun vatnsins og aðgangsstýringu, svo sem takmörkun á fjölda gesta í laug.

- b. Eftifarandi skilgreining orðast svo:

*Baðstaður í náttúrunni:* Náttúruleg, afpreyningarlaug eða baðströnd sem eru notuð til baða af almenningi og vatn er ómeðhöndlað af sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt. Til baðstaðar telst einnig búnings- og salernisaðstaða og önnur aðstaða fyrir baðgesti sé hún til staðar.

2. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Afpreyningarlaugar skulu falla í 1. eða 2. flokk og eru því starfsleyfisskyldar.

3. gr.

Eftifarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. 3. mgr. orðast svo:

Til að tryggja heilnæmi og gæði baðvatns er rekstraraðila eða heilbrigðisnefnd heimilt að takmarka gestafjölda í afpreyningarlaugum hafi gerlafjöldi í baðvatni mælst ítrekað yfir hámarksgildum.

- b. Við bætist ný mgr., 4. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir að óheimilt sé að nota sótthreinsiefni á baðstöðum í náttúrunni getur heilbrigðisnefnd heimilað eða fyrirskipað sótthreinsun á baðstöðum í 1. og 2. flokki, með geislun eða öðrum hætti án efnanotkunar, til að draga úr gróðurmyndun í keri og/eða til að sótthreinsa vatnið/kerið hafi gerlafjöldi í baðvatninu mælst endurtekið yfir hámarksgildum. Þar sem hægt er að tæma afpreyningarlaug er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast notkunar á sótthreinsandi efni, m.a. klór, til að hreinsa laugina, þ.e. yfirborðsfleti hennar. Gæta verður þess að afvirkja sótthreinsandi efni áður en vatni er hleypt aftur í laug, að sótthreinsun lokinni.

4. gr.

Eftifarandi breytingar verða á viðauka I við reglugerðina:

- a. Við skýringu 1) við töflu í viðauka I bætist: Taka skal sýnin á mismunandi tínum, t.d. mánaðarlega.

- b. 2. tölul. um baðstaði í náttúrunni í 1. flokki orðast svo:

Þegar fleiri en 500/250 saukólígerlar/100 ml eða 100/200 i.enterococci/100 ml eru í sýni er þörf á sérstakri sýnatöku til að meta p.aeruginosa/100 ml gildi. Ef gildi þess er 1 eða yfir er þörf á að grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðarinnar.

- c. 2. tölul. um baðstaði í náttúrunni í 2. flokki orðast svo:

Þegar fleiri en 1000/500 saukólígerlar/100 ml eða 400/200 i.enterococci/100 ml eru í sýni er þörf á sérstakri sýnatöku til að meta p.aeruginosa/100 ml gildi. Ef gildi þess er 1 eða yfir er þörf á að grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðarinnar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. tölul. 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 43. gr. laganna, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 6. október 2017.*

**Björt Ólafsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*